

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingibjörg Guðjónsdóttir
sópran

Páll Eyjólfsson
gítar

Ingibjörg Guðjónsdóttir hóf söngnám við Tónlistarskóla Garðabæjar þar sem kennari hennar var Snæbjörg Snæbjarnardóttir. Hún lauk burtfararprófi þaðan vorið 1986. Nítján ára gömul sigraði hún í Söngkeppni Sjónvarpsins og vann sér þannig rétt til að taka þátt í alþjóðlegri keppni ungra söngvara í Cardiff í Wales. Framhaldsnám stundaði Ingibjörg í Bandaríkjunum og lauk hún B.M. prófi í söng frá háskólanum í Indiana í Bloomington. Hún hélt sína fyrstu sjálfstæðu tónleika árið 1991. Vorið 1992 söng hún hlutverk Mímiar í uppfærslu Óperusmiðjunnar á la Bohème í Borgarleikhúsinu og sama ár söng hún sópranhlutverkið í Carmina Burana í Færeyjum. Ingibjörg hefur meðal annars komist í úrslit í Tónvakanum, Tónlistarverðlaun RÚV 1992 og í alþjóðlegri keppni í Bretlandi árið 1994. Ingibjörg var fulltrúi Íslands á Tónlistarhátíð ungra norrænna einleikara og einsöngvara í Stokkhólmi 1993. Hún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, BBC Wales Sinfóníuhljómsveitinni og Sænsku Útvarpshljómsveitinni og hefur haldið fjölda tónleika bæði erlendis og á Íslandi. Ingibjörg hefur fengið styrki og viðurkenningar, meðal annars frá Listasjóði Garðabæjar, Félagi íslenskra leikara og hlotið Starflaun Listamanna.

Páll Eyjólfsson lauk einleikaraprófi á gítar frá Gítarskólanum árið 1981 þar sem kennari hans var Eyþór Þorláksson. Hann stundaði framhaldsnám á Spáni í þrjú ár hjá Jose Luis Gonzales. Einnig hefur hann sótt alþjóðleg námskeið meðal annars hjá John Williams, Benjamin Verdery, Jose Luis Gonzales, David Russell og Oscar Ghiglia. Páll hefur komið fram í útvarpi og sjónvarpi, haldið fjölmarga tónleika hér heima og erlendis og frumflutt ýmis verk sem skrifuð hafa verið sérstaklega fyrir hann, m.a. eftir Eyþór Þorláksson, Mist Þorkeldsdóttur, John Speight og Þorkel Sigurbjörnsson. Páll starfar sem gítarkennari í Tónskóla Sigursveins, Tónlistarskólanum í Reykjavík og Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Efnisskrá

Íslensk þjóðlög	Móðir mín í kví, kví útsetning Eyþór Þorláksson Vísur Vatnsenda Rósu útsetning Jón Ásgeirsson
John Dowland (1562 - 1626)	What if I never speed Flow my tears Come again, sweet love
W. A. Mozart (1756 - 1791)	Ridente la calma ókunnur höfundur Oiseaux, si tous les ans Antoine H. de la Motte Sehnsucht nach dem Frühling Christian A. Overbeck
Þorkell Sigurbjörnsson (f. 1938)	Musik (1992) <i>frumflutningur á Íslandi</i> Rainer Maria Rilke
Katalónsk þjóðlög	Cançó del lladre El Noi de la Mare Cant dels Ocells útsetning Eyþór Þorláksson
Manuel de Falla (1876 - 1946)	Úr „Siete canciones populares españolas“ Canción Nana El paño moruño
Enrique Granados (1867 - 1916)	Úr „Colección de tonadillas“ Frenando Periquet La maja dolorosa I La maja dolorosa II La maja dolorosa III El tra-la-la y et punteado

Canción / Söngur

Augun þín eru svikarar
og ættu að grafast;
þú veist ekki hvað það kostar mig,
- með vindinum -
stúlka, að horfa á þau.
- Móðir, með blænum.-

Þeir segja að þú elskir mig ekki,
en eitt sinn elskaðir þú mig...
nokkuð sem ég eignaðist
- með vindinum -
til þess eins að tapa því aftur.
- Móðir, með blænum. -

Nana / Vögguljóð

Sofnaðu, barn, sofðu,
sofðu, ástin mín,
sofnaðu, litla
morgunstjarnan mín.
Þey, þey og ró.
Sofnaðu litla
morgunstjarnan mín.

El paño moruño / Máraðklæðið

Klæðið fína í búðinni
hefur fengið á sig blett;
nú selst það á lægra verði
því að það hefur tapað gildi sínu.

Þýðandi Reynir Axelsson

La maja dolorosa I

Ó grimmi dauði! Hversvegna tókstu frá mér
manninn sem ég elska?
Ég vil ekki lifa, því án hans
er lífið sem dauði.

Er hægt að finna fyrir meiri sársauka?
Sál mín drukknar í tárur.
Ó, góði Guð! Gefðu mér ástina mína aftur,
því án hans er lífið sem dauði.

La maja dolorosa II

Ó nei, þú sem varst mér allt,
þú ert ekki dáinn!
Væri ég enn lifandi ef svo væri?
Ég þrái að kyssa varir þínar
og deila með þér örlögum þínum.

En ég er vitfirrt og mig dreymir
maðurinn minn lifir ekki lengur.
Veröldin er döpur og grætur.
Í sorgum mínum finn ég enga huggun,
en þótt kaldur sé og nár, er hann alltaf minn.

La maja dolorosa III

Um hinn elskaða mann, sem var mín sæla
geymi ég hamingjusamar minningar.
Hann elskaði mig heitt og ákaflega
og ég gaf honum allt mitt líf.
Ég gæfi það aftur þúsund sinnum
ef hann óskaði þess.

Því þegar tilfinningar eru heitar
er ljúft að þjást.
Og þegar ég hugsa um minn elskaða mann
rifjast upp draumar liðins tíma.

Á götum úti sást enginn
myndarlegri en hann.
Undir barðstórum hattinum sá ég
ástríðufull augu hans.
Aldrei hef ég mætt jafn stingandi augnaráði.
Og þegar ég hugsa um minn elskaða mann
rifjast upp draumar liðins tíma.

El tra-la-la y el punteado

Það er tilgangslaust fyrir þig, karl minn
að vera með þessa ýtni.
Því vissum spurningum svara ég
alltaf syngjandi,
breytir engu hversu mikið þú spyrd
ég læt ekki undan
ég hætti aldrei að syngja.

Þýðandi Þorsteinn Gylfason